

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Xyloproct endaparmssmyrslir **Xyloproct endaparmsstílar** lídókaín, hýdrókortisónasetat

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Lyfið er fáanlegt án lyfseðils. Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækningurinn, lyfjafræðingur eða hjúkrunarfræðingurinn hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækninginn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki innan 2-3 vikna.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Xyloproct og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Xyloproct
3. Hvernig nota á Xyloproct
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Xyloproct
6. Þakkingar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Xyloproct og við hverju það er notað

Xyloproct endaparmssmyrslir og endaparmsstílar innihalda tvö virk efni (lídókaín og hýdrókortisón) sem verka á ólíkan hátt.

Hýdrókortisón dregur úr bólgu. Lídókaín dregur úr verkjum og kláða.

Xyloproct er notað til meðferðar við gyllinæð og yfirborðslægri ertingu í endaparmi hjá fullorðnum.

2. Áður en byrjað er að nota Xyloproct

Verið getur að lækningurinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Xyloproct

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir lídókaíni, hýdrókortisóni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

- Gyllinæð myndast oft vegna undirliggjandi hægðatregðu.
- Fylgja á nákvæmlega ráðleggingum um skömmtun, þar sem stærri skammtar geta valdið fleiri aukaverkunum.
- Leitið til læknis ef einkenni hafa ekki batnað eftir 2-3 vikna meðferð með Xyloproct.
- Ef erting eða blæðingar koma fram í húðinni umhverfis endaparmsopið á að hætta meðferðinni og hafa samband við lækni.
- Forðast á að lyfið berist í augu. Eftir notkun á að þvo hendur vandlega.
- Ef þú ert með porfýríu (arfgengur efnaskiptakvilli) þarft þú að ræða við lækni áður en meðferð með Xyloproct er hafin.

Notkun annarra lyfja samhliða Xyloproct

Látið lækninginn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Xyloproct getur haft áhrif á verkun tiltekinna lyfja, sem innihalda eftirtalin virk efni, eða orðið fyrir áhrifum af þeim:

- önnur staðdeyfilyf
- lyf við óreglulegri virkni í hjarta (lyf við hjartsláttartruflunum)

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Meðganga

Ekki hefur verið sýnt fram á skaðleg áhrif á föstur. Þó skal nota minnsta hugsanlega skammt og í eins skamman tíma og kostur er, ef Xyloproct er notað á meðgöngu.

Brjóstgjöf

Virku efnin í Xyloproct berast í brjóstamjólk, en ólíklegt er að þau hafi áhrif á barn á brjósti. Leitið þó ráða hjá lækni ef nota þarf lyfið oftar en í einstök skipti meðan barn er haft á brjósti.

Akstur og notkun véla

Xyloproct í ráðlögðum skömmtum hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Xyloproct inniheldur cetýlalkóhól og sterýlalkóhól

Xyloproct endaparmssmyrli inniheldur cetýlalkóhól og sterýlalkóhól, sem geta valdið staðbundnum viðbrögðum í húð (t.d. snertihúðbólgu).

3. Hvernig nota á Xyloproct

Notið lyfið alltaf eins og lækni hefur sagt til um. Fylgja á nákvæmlega ráðleggingum um skömmtun, þar sem stærri skammtar geta valdið fleiri aukaverkunum. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Venjulegur skammtur

Endaparmssmyrli: Borið á endaparmsop og húðina umhverfis það einu sinni eða oftar á dag. Hægt er að nota endaparmssmyrlið við sársauka við hægðalosun. Nota má allt að 6 grömm af endaparmssmyrli á sólarhring. Auðvelt er að þvo endaparmssmyrlið af með vatni. Hlífðarþynnan á stút túpunnar er götuð með því að þrýsta túpulokinu gegnum hana.

Endaparmsstílar: 1 endaparmsstíl er stungið í ysta hluta endaparmsins kvölds og morgna og eftir þörfum eftir hverja hægðalosun. Stinga á endaparmsstílnum inn með slétta endann á undan. Mikilvægt er að endaparmsstíllinn haldist á sínum stað þar til hann hefur bráðnað. Nota má allt að 5 endaparmsstíla á sólarhring.

Ekki á að veita meðferð lengur en í 3 vikur.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum. Hætta á aukaverkunum eykst eftir því sem meðferðartími lengist.

Sjaldgæfar (koma fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 notendum): Húðbólga vegna ofnæmis.

Mjög sjaldgæfar (koma fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 notendum): Ofnæmisviðbrögð, í alvarlegustu tilvikum bráðaofnæmislost (alvarleg ofnæmisviðbrögð, t.d. með útbrotum, þrota, hita, öndunarerfiðleikum og yfirlíði). Ef vart verður við slík alvarleg ofnæmisviðbrögð á að fara tafarlaust á bráðamóttöku.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Xyloproct

Endaþarmssmyrsl: Geymið í kæli (2°C – 8°C). Geyma má endaðarmssmyrslid við allt að 25°C í 2 mánuði.

Endaðarmsstílar: Geymið í kæli (2°C – 8°C). Má ekki frjósa. Geyma má endaðarmsstíla við allt að 25°C í 2 mánuði.

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Xyloproct inniheldur

Endaðarmssmyrsl:

- Virka innihaldsefnið er lídókaín 50 mg, hýdrókortisónasetat 2,5 mg.
- Önnur innihaldsefni eru áltvíasetat, zinkoxíð, cetýlalkóhól, sterýlalkóhól, makrógól og vatn.

Endaðarmsstílar:

- Virka innihaldsefnið er lídókaín 60 mg, hýdrókortisónasetat 5 mg.
- Önnur innihaldsefni eru áltvíasetat, zinkoxíð, mettuð fita.

Lýsing á útliti Xyloproct og pakkningastærðir

Endaðarmssmyrsl:

Hvít eða gulleitt einsleitt krem.
Pakkningastærð: Túpa með 20 g.

Endaðarmsstílar:

Hvítir eða gulleitir stílar.
Pakkningastærðir: Askja með 10 eða 50 endaðarmsstílum (lyfseðilsskylt).

Markaðsleyfishafi

Aspen Pharma Trading Limited
3016 Lake Drive
Citywest Business Campus
Dublin 24
Írland

Framleiðandi (endaþarmssmyrslí):

Aspen Bad Oldesloe GmbH
Industriestrasse 32-36
23843 Bad Oldesloe
Þýskaland

Framleiðandi (endaþarmsstílar):

Meribel Pharma Karlskoga AB
Karlskoga
Svíþjóð

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í október 2025.